



### Kennarar

Bertha I. Johansen (BEJ), Birgir Aðalbjarnarson (BA), Jón Özur Snorrason (JÖZ) Katrín Rut Sigurgeirsdóttir (KRS) og Kristjana Hallgrímsdóttir (KH).

### Áfangalýsing

Orðspor er grunnáfangi í málfari og ritun. Í áfanganum er unnið með tungumálið á fjölbreyttan hátt með það að markmiði að nemendur vandi mál sitt og auki orðaforðann. Verkefni eru bæði skrifleg og munnleg.

### Markmið áfangans

#### Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- málfræðihugtökum og hugtökum sem nýtast í tal- og ritmáli
- orðaforða sem nægir til að skilja íslenskt nútímamál í ræðu og riti
- mismunandi tegundum bókmennta og nytjatexta
- á margs konar málsniði

#### Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- beita gagnrýninni hugsun og koma skoðun sinni á framfæri á skýran og greinargóðan hátt
- nýta hjálpargögn á markvissan hátt við frágang ritsmíða og framsetningu efnis
- nýta málfræðihugtök og málfræðilegar upplýsingar til að efla eigin málfærni
- flytja mál sitt af nokkru öryggi á góðu máli
- lesa sér til gagns og gamans bókmenntaverk jafnt sem nytjatexta og fjalla um inntak þeirra

#### Hæfniviðmið

Nemandi skal í lok áfanga geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- vinna að skapandi verkefnum í sambandi við námsefnið
- styrkja eigin málfærni
- beita skýru, lýtalausum máli í ræðu og riti
- taka þátt í málefnalegum umræðum
- tjá afstöðu og efasemdir um efnið sem unnið er með og komast að niðurstöðu
- hafa vald á áhrifaríkri málnotkun, svo sem með stílbrögðum

**Námsefni** Orðsporshefti, rafrænt á Innu og kjörbækur.

## Námsmat

Ætlast er til að nemendur skili öllum verkefnum áfangans á tilsettum tíma. Aldrei eru leyfð meira en tveggja daga sein skil á verkefnum.

- 35% Málfar; próf (lágmarkseinkunn 5).
- 20% Heimildaritgerð (lágmarkseinkunn 5).
- 25% Kjörbók; próf 15% (lágmarkseinkunn 5) og ritun 10%.
- 10% Framsögn og tjáning (lágmarkseinkunn 5).
- 10% Virkni og ástundun (skil á verkefnum og virkni í tímum).

## Kröfur og verkefnaskil

- Athugið að nemendur þurfa að ná 5,0 á málfarsprófinu, að öðrum kosti fara þeir í lokapróf á námsmatsdögum í lok annar.
- Nái nemandi ekki lágmarkseinkunn í kjörbók þarf hann að velja aðra bók og taka próf úr henni.
- Ef nemandi sýnir ekki hæfni í meðferð heimilda í heimildaritgerð þá mætir hann í próf á námsmatsdögum í lok annar. Ekki er gefin einkunn fyrir ritgerð ef þessi hæfni kemur ekki fram.
- Áður en nemandi skilar inn ritgerð þá verður hann að vera búinn að setja hana inn í ai.yfirlestur.is. Að öðrum kosti verður ekki tekið við ritgerð.
- Ætlast er til að nemendur vinni jafnt og þétt alla önnina. Gert er ráð fyrir því að nemendur komi undirbúnir í kennslustundir.
- Ef nemandi kemst ekki í kennslustund ber hann sjálfur ábyrgð á því að fylgjast með kröfum um heimanám, próf og verkefnaskil. Oftast má sjá slíkt á INNU. Nemandi sem missir af prófi eða verkefni vegna veikinda ber sjálfur ábyrgð á því að óska eftir sjúkraprófi og skal hafa frumkvæði að því um leið og mætt er að nýju.
- Allir nemendur eru skráðir í INNU og þurfa því að hafa aðgang að tölvu í tímum.
- Öllum verkefnum skal skila tölvuunnum á tilsettum tíma. Nemandi sem ekki skilar verkefni eða mætir ekki í próf fær einkunnina núll.
- ATH! Nemandi þarf að skila verkefnum í öllum námspáttum til þess að standast áfangann.
- Nemendum ber að virða höfundarrétt. Ritstuldur og notkun gervigreindar er bönnuð og er öllum slíkum málum vísað til skólastjórnenda.

## Vinnuáætlun – Orðspor haust 2024

Dags.	Viðfangsefni
20.-23. ágúst	Kynning áfanga. 2. kafli: Fallorð. Verkefnavinna.
26.-30. ágúst.	3. kafli: Sagnorð. Verkefnavinna.
2.-6. sept.	4. kafli: Smáorð. Verkefnavinna. Leggja inn málfarsskýrsluverkefni í upphafi vikunnar.
9.-13. sept.	<b>Málfarsskýrsla</b> , kynningar blaðlausar.
16.-20. sept.	5. kafli: Orð og orðanotkun. Verkefnavinna. <b>Kjörbók valin og nemendur hefja lestur.</b>
23.-27. sept.	1. kafli: Meðferð og bygging tungumálsins, grunnatriði í setningafræði. Verkefnavinna.
30. sept.- 4. okt.	<b>Upprifjun og málfarspróf (35%).</b>
7.-11. okt. 9. okt. valdagur	<b>6. kafli: Ritun.</b> Ritun, ýmsar æfingar sem lúta að byggingu og flæði.
14.-18. okt. Miðannarmat Haustfrí 17.-18. okt.	Ritun, kjörbók.
21.-25. okt.	Skila ritun úr kjörbók (10%) <b>Kjörbókarpróf (15%).</b>
28.okt.-1. nóv.	<b>7. kafli: Heimildaritun</b> Ritun, heimildavinna.
4.-8. nóv.	Ritun, heimildavinna – fyrri skil.
11.-15. nóv.	Ritun, heimildavinna.
18.-22. nóv.	Ritun, heimildavinna. Lokaskil (20%).
25.-29. nóv.	<b>Framsögn</b> Kveðjuræða, orð dagsins o.fl.
2.-6. des.	Ræða, með og á móti – undirbúningur og kynningar.
9.-11. des. 11. des. síðasti kennsludagur	Ræða, með og á móti - kynningar (10%).

Með von um góða samvinnu.

Gert með fyrirvara um breytingar.

16. ágúst 2024, íslenskukennarar